



395. fundur Þingvallanefndar

Fundur var haldinn í herbergi forsætisnefndar í Alþingishúsinu þann 3. desember 2012 kl. 16:15. Fundarmenn voru Álfheiður Ingadóttir formaður nefndarinnar, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Róbert Marshall, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Þuríður Backman, Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður, Einar Á. E. Sæmundsen fræðslufulltrúi þjóðgarðsins og Hrefna Sýlvía Sigurgeirsdóttir sem ritaði fundargerð.

Einar Stefánsson og Stefán Thors (VSÓ), Helgi Jóhannesson (Siglingastofnun) og Hilmar Malmquist (Náttúrufræðistofu Kópavogs), sátu fundinn undir 1., 2. og 3. dagskrárlið.

Þetta gerðist:

1. Silfra

Helgi Jóhannesson kynnti öryggisreglur sem Siglingastofnun hyggst setja vegna köfunar í Silfru. Haft hefur verið samráð við þjóðgarðinn og hagsmunaaðila í köfun við útfærslu reglanna. Unnið verður frekar að endanlegri gerð þeirra en gert er ráð fyrir að þær muni taka gildi 1. janúar 2013. Nefndarmenn munu fá endanleg drög til athugunar. Drög fylgja í viðhengi.

Þjóðgarðsvörður gerði grein fyrir mengunarslysi sem varð á haustdögum í Silfru þegar málning flagnaði af grind sem notuð var við kvikmyndatöku í gjánni. Kynnti hann minnisblað frá Almennu verkfræðistofunni sem tók út árangur af hreinsun í gjánni. Mat verkfræðistofunnar er að innan tíðar verði engin ummerki sjáanleg þar sem þær fáu flygsur sem eftir eru séu að leysast upp. Auk þess muni fínefni sem þekur botninn að öllum líkindum hylja flygsurnar sem eru innan við einn fersentimetri að stærð.

Farið var yfir reglur sem gilda um kvikmyndatöku í þjóðgarðinum og ákveðið að gera breytingar á þeim í samræmi við tillögur sem kynntar voru á fundinum. Endanlegar reglur verða lagðar fyrir nefndina til samþykktar.

2. Fýsileiki mögulegra byggingastaða

Einar Stefánsson og Stefán Thors hjá VSÓ ráðgjöf gerðu grein fyrir úttekt á byggingarstaðum fyrir „nýju Valhöll“.

Forsendur úttektarinnar voru núverandi aðstæður og uppbyggingaáform. Núverandi aðstæður eru samgöngukerfi, veitukerfi, jarðfræði og grundunarskilyrði, vernd vatnasviðs Þingvallavatns sem og stefnur og áætlanir.

Forsendurnar voru notaðar sem matsþættir fyrir hvern stað. Þannig var lagt mat á kosti og galla viðkomandi staðar og hvernig hægt væri að hafa áhrif á þá.

Þeir staðir sem skoðaðir voru eru Valhallarsvæðið, Hakið, Efri-Vellir og Gjábakki. Niðurstöðurnar byggja á innbyrðis samanburði sem leiðir í ljós að uppbygging við Hakið

fellur best að þeim matsþáttum sem til skoðunar voru. Næst væri það Gjábakki, svo Efri-Vellir og að lokum Valhallarsvæðið.

Mat verkfræðistofunnar byggðist eingöngu á tæknilegum forsendum og bent var á að eftir er að skoða svæðin með tilliti til sjónrænna áhrifa, notagildis auk annarra þátta sem skoðaðir verða í framhaldi af þessari úttekt.

3. Vöktun Þingvallavatns

Hilmar Malmquist gerði grein fyrir niðurstöðum skýrslu Náttúrfræðistofu Kópavogs um fyrstu fimm vöktunarár Þingvallavatns. Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, Veiðimála-stofnun og Náttúrustofa Kópavogs annast um vöktunina. Mælingar stóðu yfir frá árinu 2007 til 2011, eldri mælingar voru notaðar til samanburðar.

Horft var til ákveðinna álagsþátta við greiningu á niðurstöðum. Helstu álagsþættirnir eru: ofauðgun næringarefna, mengunaróhöpp, nýting vatns og hlýnun loftlags.

Sýnt þykir að hitastig vatnsins fylgir lotfhita á Íslandi sem fer hækkandi. Við hækkun hitastigs í vatninu er margt sem breytist. Ísadögum fækkar og hitaskil í vatninu munu hugsanlega styrkjast og vara lengur en ekki er vitað hvaða áhrif það mun hafa.

Mælingar sýna að ástand vatnsins er almennt mjög gott og gildi mælinga innan allra marka en vöktunin leiðir þó í ljós að gildi tiltekinna þátta eru að hækka og ber að skoða það betur svo hægt verði að grípa inni þar sem þörf krefur. Rannsaka þarf betur og fylgjast með blaðgrænu-a, fosfór og krómi, en óvissuþættir eru í niðurstöðum lúta helst að efnasamsetning írennslis. Auka þarf mælitíðni auk þess sem skoða þarf efnasamsetningu sets og kransþörungabeltið og sírita magn blaðgrænu-a.

Bókun Þingvallanefndar:

Niðurstöður vöktunar á Þingvallavatni á árunum 2007–2011 sýna að vatnsgæði Þingvallavatns eru góð og sömu sögu er að segja um ástand lífríkis. Samanburður við niðurstöður eldri rannsókna á vatninu benda þó til breytinga, bæði af völdum hnattrænna áhrifa og staðbundinna, sem bregðast þarf við með aukinni vöktun og aðgerðum. Þessar breytingar verða að teljast óæskilegar og hraðfara þegar horft er til þess skamma tíma sem þær ná til. Þingvallanefnd áréttar mikilvægi þess að halda áfram góðri samvinnu við sveitarfélög og umhverfisyfirvöld til að tryggja verndun Þingvallavatns.

Þingvallavatn er einstakt á lands- og heimsvísu. Það er kalt, tært og næringarefnasnautt og eitt stærsta stöðuvatn af lindarvatnsgerð á norðurhveli. Þrátt fyrir kulda og næringarefnasnauð er lífríki Þingvallavatns gróskumikið og mjög sérstakt. Afrakstur fiskstofna er með því mesta sem þekktist í vötnum á norðurlóð og í vatninu þrífast a.m.k. 3 einlendar dýrategundir sem hvergi hafa fundist annars staðar í heiminum. Jafnframt hafa þróast í vatninu fjögur afbrigði af bleikju sem ekki eiga sína líka í öðrum vötnum. Þingvallanefnd leggur áherslu á að leita verður allra leiða til að vernda lífríki og ásýnd Þingvallavatns og sporna gegn óæskilegum breytingum á vatninu.

Samanburður við eldri mælingar leiðir í ljós að marktækar breytingar hafa orðið á efna- og eðlisþáttum Þingvallavatns og enn fremur hefur orðið aukning á þörungasvífi. Vatnið hefur hlýnað og leggur nú sjaldnast á vetrum. Hitahækkunin er mest í ágúst og sýna mælingar á árabílinu 1962–2011 að vatnið hefur hitnað að meðaltali um 1,2–1,5°C yfir sumartímamann. Þessar breytingar eru í samræmi við breytingar sem orðið hafa á öðrum grynri og minni vötnum á Íslandi og eru raktar til hlýnunar loftlags. Ákoma loftborins niturs hefur aukist á vatnasviði Þingvallavatns og allt að því tvöfaldast miðað við áttunda áratug síðustu aldar, og nítrat (NO₃) í írennsli vatnsins hefur aukist um allt að 60% á síðastliðnum þremur til fjórum áratugum. Uppsprettur nítratsins eru bæði hnattrænar og staðbundnar. Megnið af niturmenguninni er talin berast hingað af völdum umferðar og iðnaðar frá meginlandi Evrópu, en aðrar uppsprettur eru nær, s.s. umferð við og nærri Þingvallavatni, losun seyru og frárennsli frá byggð og sumarhúsum, áburðarnoktun við ræktun og

uppgræðslu á vatnasviðinu o.fl. Magn þörungasvifs hefur allt að fjórfaldast frá 1975, sem aftur má rekja til niturákomunnar, og veldur minnkandi sjóndýpi (rýni) í vatninu. Hvorki tegunda-samsetning þörunganna né dýra hefur þó breyst.

Þingvallanefnd leggur áherslu á að vöktunaráætlunin hefur skilað árangri með því að nú er unnt að bregðast við vísbendingum um breytingar á vatninu áður en í óefni stefnir. Brýnt er að áætlunin verði endurskoðuð í samræmi við þær tillögur sem er að finna í skýrslunni; tiltekna mælingar verði þéttar, gerð verði athugun á kransþörungabeltinu til samanburðar við eldri mælingar, setmyndun könnuð, og efna- og hitamælingar auknar. Enn fremur að koma upp sírita við mælingar á magni blaðgrænu eins og fyrir er í Mývatni. Þá telur nefndin mikilvægt að leita allra leiða til að takmarka ákomu næringarefna, einkum niturs og fosfórs, á og í Þingvallavatn, og mun leita samvinnu við sveitarfélögin og umhverfisyfirvöld í því skyni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:50.

Afgreiðsla milli funda.

Hinn 26. október 2012 barst erindi frá Fasteignamarkaðinum þar sem óskað er eftir því að Þingvallanefnd falli frá forkaupsrétti að sumarhúsi við Valhallarstíg nyrðri nr. 11. Hinn 16. nóvember lagði formaður til að erindið yrði samþykkt og framsal heimilað með hefðbundnum skilmálum og ákvæði er varðar gróður á lóðinni. Samþykktu nefndarmenn tillöguna í tölvupósti 18. nóvember og er samþykktin færð til bókar á næsta fundar nefndarinnar, 3. desember s.á.

Erindið var samþykkt með eftirfarandi skilmálum:

„Samkvæmt gildandi byggingarskilmálum Þingvallanefndar eru ekki veitt leyfi til byggingar nýrra frístundahúsa innan marka þjóðgarðsins á Þingvöllum. Þingvallanefnd getur þó veitt undanþágu í sérstökum tilvikum. Heimilt er að viðhalda þeim byggingum sem fyrir eru á lóðum innan þjóðgarðsins. Afla þarf leyfis Þingvallanefndar fyrir öllum framkvæmdum, þ.m.t. viðhaldi og breytingum á byggingum, innan þjóðgarðsins sbr. ákvæði 5. gr. gildandi lóðarleigusamnings sbr. einnig 5. gr. laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004.

Umsóknir um byggingarleyfi skal senda til byggingaryfirvalda Bláskógabyggðar sem annast öll samskipti við Þingvallanefnd og aflar leyfis nefndarinnar.

Allar framkvæmdir innan þjóðgarðsins, þ.m.t. viðhald fasteigna, skulu uppfylla ákvæði laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004 og reglugerðar um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 848/2005 og vera í samræmi við ákvæði gildandi laga og stjórnvaldsfyrirmæla þar að lútandi á hverjum tíma, þ.m.t. byggingarskilmála Bláskógabyggðar.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er á vatnsverndarsvæði sem heyrir undir eftirlit Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Óheimilt er að gera nokkuð það sem getur spillt eða mengað vatn innan þjóðgarðarins, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn sbr. ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.

Af gefnu tilefni er mælt til þess að gróður verði grisjaður á lóðinni og komið í veg fyrir frekari sjálfsáningu. Sérstaklega er þar átt við þær tegundir sem ekki eru upprunalegar á Þingvallasvæðinu þ.m.t. barrtré, aspir, bjarnarkló, skógarhefil og alaskalúpínu.

Með vísan til þess, að Oddný G. Kristinsdóttir geri framsalshafa grein fyrir ofangeindum skilyrðum sem og hann fallist á þau, fellur Þingvallanefnd og heimilar framsal á ofangreindum réttindum til Eypórs Arnalds.“

